

REGLUGERÐ

**skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/1995,
um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Aflaheimildum er nema 5.000 lestum af þorski miðað við óslægðan fisk, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks í þorskígildum talið frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til fiskveiðiársins 1998/1999.

Aflaheimildir af þorski skv. 1. mgr. skal reikna til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999. Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum þessum til skipa, þannig að skerðing úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli umræddra fiskveiðiára, sbr. 2. gr., umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Ekkert skip skal þó fá úthlutað meiri aflaheimildum en sem nemur 10 þorskígildislestum.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund, sem úthlutað er bæði árin, annars vegar fyrir fiskveiðiárið 1991/1992 og hins vegar fyrir fiskveiðiárið 1998/1999. Einnig skal tekið tillit til tegunda sem aflamarki er úthlutað í fiskveiðiárið 1998/1999 en ekki á fiskveiðiárinu 1991/1992 með því að reikna með tilsvarendi aflamarki árið 1991/1992 og úthlutað er 1998/1999. Í þessu sambandi skal þó undanskilja skip sem þann 6. júlí 1998 hafa leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992 og skip sem voru á skipaskrá 6. júlí 1998 en hafa síðan verið úrelt skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum. Skal miðað við aflahlutdeild skipanna í hverri tegund eins og hún var 6. júlí 1998 og úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund, að teknu tilliti til breytinga sem urðu á heildaraflamarki innan fiskveiðiársins 1991/1992. Við útreikninga þessa skal ekki tekið tillit til úthlutunar á aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði á fiskveiðiárinu 1991/1992, sbr. lög nr. 4/1992. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999. Sú hlutfallslega breyting sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiáranna 1991/1992 og 1998/1999 miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83, 20. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. júlí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.